



Sjálfstæðisflokkurinn

Styður framboðið núverandi skipulagsáform, eða mælir það gegn samþykkt þeirra?

Stúdentaráð Háskóla Íslands og REIR verk ehf. hafa undirritað viljayfirlýsingu um að reisa stúdentaíbúðir á lóð REIR á Birkimel 1. Þar segir að fyrrnefndir aðilar lýsi yfir vilja til að reisa stúdentagarða á lóðinni en að á jarðhæð verði starfsemi sem rekin verði með tilliti til þarfa háskólasamfélagsins. Sjálfstæðisflokkurinn styður þessi áform.

Styður framboðið þá hugmynd að fram fari heildarendurskoðun á skipulagi svæðisins unna af óháðum fagaðilum, í samræmi við tillögur Minjastofnunar, menntastofnanna á svæðinu og Íbúasamtaka Vesturbæjar ?

Sem fyrr segir styður Sjálfstæðisflokkurinn að stúdentaíbúðir rísi á lóðinni ásamt starfsemi sem rekin verði með tilliti til þarfa háskólasamfélagsins. Eins og fram kemur í gögnum og umsögnum um skipulagið, er um að ræða viðkvæmt og sögulega mikilvægt skipulagsumhverfi þar sem nauðsynlegt er að horfa til stærra samhengis en einstakrar lóðar. Slík vinna þarf að miða að því að styrkja staðaranda, tengingar við Hagatorg og framtíðarþróun háskólasvæðisins.

Ef svo er, hvernig sér framboðið fyrir sér að samráði við hagaðila — bæði stofnanir og íbúa — verði hagað?

Sjálfstæðisflokkurinn leggur almennt áherslu á raunhæft og gagnsætt samráð við hagaðila. Við teljum eðlilegt að slík vinna fari fram með skipulögðum hætti, til dæmis með opnu samráðsferli eða hugmyndasamkeppni, þar sem fagleg sjónarmið fá að ráða för. Jafnframt er mikilvægt að unnið sé náið með lóðarhafa að lausn sem er bæði framkvæmanleg og í samræmi við hagsmuni svæðisins. Í þeirri vinnu þarf að gæta þess að skapa ekki skaðabótaskyldu fyrir borgina.



Samfylkingin

Styður framboðið núverandi skipulagsáform, eða mælir það gegn samþykkt þeirra?

Í grunninn styður framboðið uppbyggingu á lóðinni þar sem breyta á notkun lóðarinnar úr bensínstöðvarlóð yfir í lóð fyrir íbúðarhús og þjónustu á jarðhæð.

Núverandi tillaga var auglýst síðasta sumar/haust þar sem fjölmargar athugasemdir bárust og hefur skipulagið hjá borginni verið með það til umfjöllunar og úrvinnslu. Við þurfum auðvitað að sjá hvaða sjónarmið hafa komið þar fram og hvort og hvernig sé rétt að gera breytingar á tillögunni í samræmi við þær athugasemdir.

Styður framboðið þá hugmynd að fram fari heildarendurskoðun á skipulagi svæðisins unna af óháðum fagaðilum, í samræmi við tillögur Minjastofnunar, menntastofnanna á svæðinu og Íbúasamtaka Vesturbæjar

Ef lóðarhafi og aðrir hagaðilar á svæðinu sjá hag sinn í því að þróa saman sameiginlega framtíðarsýn fyrir uppbyggingu svæðisins þar sem íbúabyggð, þjónusta og mennta- og menningarstarfsemi fléttast saman að þá er það ekki eitthvað sem við leggjumst gegn.

Ef svo er, hvernig sér framboðið fyrir sér að samráði við hagaðila — bæði stofnanir og íbúa — verði hagað?

Slík vinna þyrfti auðvitað að vera af frumkvæði lóðarhafa við Birkimel 1 og þeirra hagaðila sem tengjast svæðinu þó borgin myndi að sjálfsögðu vera mikilvægur samstarfsaðili í slíkri vinnu. Útfærsla slíkrar vinnu væri þó ekki nema að litlu leyti í okkar höndum og erfitt að setja einhverjar línur um það nema aðilar á svæðinu kalli eftir slíkri vinnu.



Góðan daginn

Styður framboðið núverandi skipulagsáform, eða mælir það gegn samþykkt þeirra?

Nei, framboð Góða dagsins styður ekki núverandi skipulagsáform og mun mæla gegn samþykkt þeirra.

Styður framboðið þá hugmynd að fram fari heildarendurskoðun á skipulagi svæðisins unna af óháðum fagaðilum, í samræmi við tillögur Minjastofnunar, menntastofnanna á svæðinu og Íbúasamtaka Vesturbæjar

Já, framboð Góða dagsins styður þá hugmynd að fram fari heildarendurskoðun á skipulagi svæðisins.

Ef svo er, hvernig sér framboðið fyrir sér að samráði við hagaðila — bæði stofnanir og íbúa — verði hagað?

Eftir kosningar mun framboð Góða dagsins leggja áherslu á að:

- a. Breyta þar til bærum reglugerðum, sem kveða á um fjölda bílastæða við nýbyggingar í 1,5 stæði á hverja íbúð.*
- b. Breyta þar til bærum reglugerðum um birtustig íbúða, bæði nýbygginga og nærliggjandi húsa.*
- c. Vinna skipulagsmál í góðri sátt, þar sem þörfum hverfisins, íbúa þess og nærliggjandi starfsemi er gætt. Það þurfa að vera til staðar verulegir almannahagsmunir sem vega þyngra en hagsmunir nærsamfélagsins til að bregða frá þeim hagsmunum. Slíkir almannahagsmunir eru ekki til staðar í þessu tilviki. Heldur hið gagnstæða: Mikilvægt er að háskólasamfélagið hafi mikið með það að segja hvernig þróun hverfisins verði háttað.*
- d. Þegar kemur að grónum hverfum sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi þá er afar mikilvægt að stíga varlega til jarðar. Þegar Minjastofnun flaggar rauðu. Þá ber að taka tillit til þess.*
- e. Að uppbygging íbúðarhúsnæðis taki mið af þörfum, þróun og aldurssamsetningu íbúa borgarinnar.*
- f. Að uppbygging og þróun byggðar og samgangna taki mið af þeim umhverfissjónarmiðum sem við eiga hverju sinni. Ber þar sérstaklega að horfa til grænna svæða og strandlínunnar.*



Okkar Borg

Styður framboðið núverandi skipulagsáform, eða mælir það gegn samþykkt þeirra ?

Þessi áform eru andstöðu við stefnu Okkar Borg, svo við mælum eðlilega gegn þeim.

Styður framboðið þá hugmynd að fram fari heildarendurskoðun á skipulagi svæðisins unna af óháðum fagaðilum, í samræmi við tillögur Minjastofnunar, menntastofnanna á svæðinu og íbúasamtaka Vesturbæjar ?

Okkar borg styður klárlega endurskoðun á þessu skipulag, enda er það stefna okkar að byggð sé lágreist og ljósvist spilar þar stóran þátt.

Ef svo er, hvernig sér framboðið fyrir sér að samráði við hagaðila — bæði stofnanir og íbúa — verði hagað?

Það er skoðun Okkar Borg að allir hagsmunaaðilar komi að gerð skipulags á lóðum, sérstaklega þegar staðsetning þeirra er eins og í tilfelli sem þessu.

Eðlilega þarf að taka tillit til þeirra sem fyrir eru á svæðinu sem stærðar þess húss sem þarna skal koma. Því skal taka tillit til þeirra krafna sem gerðar eru frá íbúum og hagsmunaaðilum sem fyrir eru á svæðinu.

Þarna væri ráð að byggja lágstemmda byggingu sem fellur inn í núverandi umhverfi og sögu frekar en bílastæðalaust fjölbýli. Það er stefna Okkar Borg að það séu 2 stæði fyrir hverja íbúð og a.m.k. annað þeirra í bílageymslu ef því er við komið.

Þessi deiliskipulagstillaga er reyndar alveg í anda núverandi meirihluta en í algærri andstöðu við þá stefnu sem Okkar Borg telur borginni fyrir bestu. Því ætti endurskoðun á nýtingu byggingarreitsins að fara fram með tilliti til þeirra umkvartana sem komið hafa frá stofnunum og íbúum hverfisins.



Vinstrið

Styður framboðið núverandi skipulagsáform, eða mælir það gegn samþykkt þeirra?


Vinstrið telur að annars konar uppbygging og skipulag á þessari lóð sé æskileg og þörf.

Styður framboðið þá hugmynd að fram fari heildarendurskoðun á skipulagi svæðisins unna af óháðum fagaðilum, í samræmi við tillögur Minjastofnunar, menntastofnanna á svæðinu og Íbúasamtaka Vesturbæjar ?

Árið 2024 var samþykkt þróunaráætlun fyrir Háskóla Íslands sem tók drjúgan tíma að vinna og er býsna góð. Vinstrið telur að best sé að þessi lóð sé hluti af heildarskipulagi háskólasvæðisins. Það er sjálfsagt að skoða hvort taka skuli skipulagið upp að nýju í samtali við hlutaðeigandi aðila og aðra málsmetandi menn og stofnanir.

Ef svo er, hvernig sér framboðið fyrir sér að samráði við hagaðila — bæði stofnanir og íbúa — verði hagað?

Fyrst er að bjóða upp á samtalið og í því fæðist útfærsla á framhaldinu.



Piratar

Styður framboðið núverandi skipulagsáform, eða mælir það gegn samþykkt þeirra ?

Piratar eru yfir það heila fylgjandi uppbyggingu húsnæðis í borginni, og þessi lóð er ein af þeim sem heyra undir samkomulag sem var gert til þess að fækka bensínstöðvum og nýta betur land sem fer undir þær til þess að koma fyrir íbúðum.

Að því sögðu þá er líka mikilvægt að uppbygging sé í eðlilegum hlutföllum, fylgi borgarhönnunarstefnu Reykjavíkur og sé í sátt við íbúa og nágrennið. Við teljum að borgarhönnunarstefna Reykjavíkur sé lykilskjal í því að tryggja að nauðsynleg uppbygging húsnæðis og áframhaldandi þétting byggðar geti verið í sátt við íbúa og nærsamfélög.

https://reykjavik.is/sites/default/files/2025-11/borgarhonnunarstefna-lokaskjal-efir-samadsgat_t_lett_skjal.pdf

Það er líka mikilvægt að uppbyggingarheimildum vegna þessara bensínstöðvalóðasamninga sé haldið í jafnvægi við þá eftirgjöf sem olíufélögin veittu á móti, eða eftir atvikum greiði með. Akkúrat núna er þessi uppbygging í biðstöðu meðan verið er að fara yfir það hvernig þessi atriði ná saman, í kjölfar ábendinga frá innri endurskoðanda Reykjavíkur. Okkar svar er því að við viljum uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á þessum reit, en það er ekki þar með sagt að það verði þessi tiltekna tillaga, eða svona mikið íbúðamagn, og við teljum eðlilegt að þetta verði tekið til nánari skoðunar.

Styður framboðið þá hugmynd að fram fari heildarendurskoðun á skipulagi svæðisins unna af óháðum fagaðilum, í samræmi við tillögur Minjastofnunar, menntastofnanna á svæðinu og Íbúasamtaka Vesturbæjar ?

Við erum til í heildarendurskoðun með öllum hagsmunaaðilum, en þar þarf eðli málsins samkvæmt að taka tillit til lóðaréttinda og samninga sem eru til staðar fyrir. Mögulega er best að það gerist í gegnum hverfisSKIPULAG, en ef það er ekki praktískt mögulegt erum við til í að taka það sérstaklega.

Ef svo er, hvernig sér framboðið fyrir sér að samráði við hagaðila — bæði stofnanir og íbúa — verði hagað ?

Það er mikilvægt að hefjast handa við hverfisSKIPULAG vesturbæjar, en sú aðferðafræði hefur gefist mjög vel. Þar er haft ríkulegt samráð við íbúa og það hefur gefist mjög vel í þeim hverfum þar sem því er lokið.

<https://reykjavik.is/hverfisSKIPULAG/samradsferli>

Við myndum leggja áherslu á það að setja meiri kraft í hverfisSKIPULAGSferlið, en við erum í dag aðeins á eftir áætlun þar, en okkur þykir ljóst að það er mikið þörf á þessu samráðsferli í fleiri hverfum borgarinnar.



Viðreisn

Styður framboðið núverandi skipulagsáform, eða mælir það gegn samþykkt þeirra ?

Við erum almennt hlynnt því að byggja á svona lóðum, eins og þar sem bensínstöðvar hafa verið. Það er skynsamlegt að nýta landið betur og fjölga íbúðum. En miðað við það sem hefur komið fram í þessu tilviki, sérstaklega varðandi Birkimel 1, þá finnst okkur alveg rétt að staldra aðeins við og fara betur yfir hvernig þetta á að líta út og passa inn.

Styður framboðið þá hugmynd að fram fari heildarendurskoðun á skipulagi svæðisins unna af óháðum fagaðilum, í samræmi við tillögur Minjastofnunar, menntastofnanna á svæðinu og íbúasamtaka Vesturbæjar ?

Okkur finnst líka eðlilegt að skoða svæðið í heild, ekki bara þessa einu lóð. Þetta er hluti af rótgrónu hverfi og tengist líka stórum menningar- og menntastofnunum, þannig að það þarf að hugsa þetta aðeins stærra. Það væri alveg hægt að fara í opnari vinnu með þetta, jafnvel hugmyndasamkeppni eða eitthvað slíkt.

Ef svo er, hvernig sér framboðið fyrir sér að samráði við hagaðila — bæði stofnanir og íbúa — verði hagað ?

Svo er hitt sem skiptir máli að samráðið sé ekki bara til málamynda. Það þarf að gerast fyrr og fólk þarf að geta haft raunveruleg áhrif áður en allt er orðið of ákveðið. Og svo þarf líka að sjást hvað er gert við það sem kemur inn því annars tapar fólk trú á ferlinu.

Í grunninn snýst þetta bara um að gera þetta almennilega. Byggja eitthvað sem passar við umhverfið og bætir hverfið.



Flokkur fólksins

Styður framboðið núverandi skipulagsáform, eða mælir það gegn samþykkt þeirra?

Flokkur fólksins kom ekki að þessari ákvörðun í borgarstjórn þar sem við höfum ekki fulltrúa þar með atkvæðisrétt, aðeins áheyrnarfulltrúa. Hins vegar leggst Flokkur fólksins gegn þessum áformum og tekur undir þá gagnrýni sem íbúar á svæðinu og fleiri hafa sett fram.

Styður framboðið þá hugmynd að fram fari heildarendurskoðun á skipulagi Svæðisins unna af óháðum fagaðilum, í samræmi við tillögur Minjastofnunar, Menntastofnanna á svæðinu og Íbúasamtaka Vesturbæjar?

Já, Flokkur fólksins styður það.

Ef svo er, hvernig sér framboðið fyrir sér að samráði við hagaðila — bæði stofnanir og íbúa — verði hagað ?

Það eru til formlegar og löglegar leiðir til að kalla til baka áður útgefin leyfi til byggingaframkvæmda og eftir þeim verður að fara, sem Flokkur fólksins mun gera komist hann í meirihlutasamstarf í borginni. Eftir að leyfi hafa verið afturkölluð þarf síðan að vinna að nýju skipulagi og þá yrði að sjálfsögðu horft til þeirra hugmynda sem Minjastofnun, íbúar og fleiri hafa lagt fram.



Framsókn

Styður framboðið núverandi skipulagsáform, eða mælir það gegn samþykkt þeirra ?

Við höfum reynt að fá málið til umræðu í borgarstjórn án árangurs, þar sem því hefur ítrekað verið frestað af meirihlutanum. Við teljum mikilvægt að taka málið upp að nýju og vinna nýja tillögu betur í samvinnu við nærumhverfi og uppbyggingaraðila.

Styður framboðið þá hugmynd að fram fari heildarendurskoðun á skipulagi svæðisins unna af óháðum fagaðilum, í samræmi við tillögur Minjastofnunar, menntastofnanna á svæðinu og íbúasamtaka Vesturbæjar ?

Já.

Ef svo er, hvernig sér framboðið fyrir sér að samráði við hagaðila — bæði stofnanir og íbúa — verði hagað?

Framsókn telur mjög mikilvægt að íbúasamráð verði bætt til muna þegar kemur að öllum uppbyggingaráformum í borginni. Framsókn er reiðubúin til að vinna með öllum hagaðilum og halda samráðsfundi um málið. Mikilvægt er að borgin hlusti á íbúa og sjónarmið þeirra, meðal annars varðandi græn svæði og birtu, sem og á stofnanir á borð við Minjastofnun.



Miðflokkurinn

Styður framboðið núverandi skipulagsáform, eða mælir það gegn samþykkt þeirra?

Hugmyndir um uppbyggingu að Birkimel 1 byggja á samningum sem gerðir voru í þeim tilgangi að fækka bensínstöðvum í borgarlandinu. Samningarnir eru því miður óljósir og þá hefði átt að vanda betur. Áður en skrifað var undir hefðu til dæmis uppbyggingarheimildir á bensínstöðvarlóðum átt að vera skýrar og þær hefði átt að vinna í samráði við hagaðila með sama hætti og þegar skipulagsáætlanir eru unnar.

Styður framboðið þá hugmynd að fram fari heildarendurskoðun á skipulagi svæðisins unna af óháðum fagaðilum, í samræmi við tillögur Minjastofnunar, menntastofnanna á svæðinu og íbúasamtaka Vesturbæjar ?

Miðflokkurinn mun eiga frumkvæði að því að fara yfir þessa samninga og hefja samráð við íbúa, Háskóla Íslands og þær mikilvægu mennta- og menningarstofnanir sem standa á svæðinu með það að markmiði að finna lausn sem sátt getur orðið um. Það tekur einnig til núverandi lóðarhafa sem hafa undirbúið uppbyggingu í góðri trú.

Ef svo er, hvernig sér framboðið fyrir sér að samráði við hagaðila- bæði stofnanir og íbúa - verði hagað?

Umrætt svæði við Hagatorg varðar alla borgarbúa. Þar standa margar af höfuðbyggingum borgarinnar. Samráðsferlið þarf að vera opið öllum sem þátt vilja taka. Sérstaklega verður kallað eftir samstarfi við stofnanir, fyrirtæki og íbúa sem næst standa. Ferlið verður opið og mun verða unnið í samráði við alla hagaðila.



Sósíalistaflokkur Íslands

Styður framboðið núverandi skipulagsáform, eða mælir það gegn samþykkt þeirra ?

Sósíalistaflokkurinn telur ríka þörf á áframhaldandi uppbyggingu íbúðarhúsnæðis til að mætaþráðri þörf á húsnæðismarkaði. Hins vegar er ljóst að í mörgum tilfellum hefur þéttingarstefnan endað með byggingu íbúðarhúsnæðis sem gætir ekki að ljósvist né tilvist grænna svæða og það styðja Sósiálistar ekki. Einnig viljum tryggja að húsnæðisuppbygging sé í samræmi við sögu hverfa og byggingar í kring, því fegurð í hönnun eykur líka vellíðan fólks. Fyrst og fremst gera Sósiálistar athugasemdir við forsendur húsnæðisuppbyggingar, hvort hún sé óhagnaðardröfin eða til gróða. Í þessu ákveðna tilfelli eru uppi áform að byggja íbúðarhúsnæði án garðs sem gerir húsnæðið ekki jafn lífvænlegt og æskilegt væri. Þá passar það ekki við byggingar í kring með tilliti til hönnunar og útlíts. Ljósvist virðist ekki skorta og skerðing á útsýni í lágmarki enda áætluð bygging við endagafla blokkanna á Birkimel. Verkefnið er þó í höndum hagnaðardröfinna einkaaðila og því ekki líklegt til að gera vonda húsnæðiskreppu betri. Sósiálistar eru efins um hugmyndina í núverandi mynd og á þessum forsendum og myndu því mæla gegn samþykkt þeirra.

Styður framboðið þá hugmynd að fram fari heildarendurskoðun á skipulagi svæðisins unna af óháðum fagaðilum, í samræmi við tillögur Minjastofnunar, menntastofnanna á svæðinu og íbúasamtaka Vesturbæjar ?

Já, framboðið styður þá hugmynd, með þeim skilyrðum að uppbygging húsnæðis á reitnum, verði það endanleg niðurstaða, sé á óhagnaðardröfnum forsendum.

Ef svo er, hvernig sér framboðið fyrir sér að samráði við hagaðila — bæði stofnanir og íbúa — verði hagað?

Sósíalistaflokknú finnst sjálfsagt að fara í hugmyndasamkeppni og fá umsagnir íbúa og stofnana í kring, en aftur, að húsnæði á þessum reit verði byggt á óhagnaðardröfnum forsendum. Þó má sannarlega hugsa reitinn til annarra nota að mati Sósiálista; hvort sem er grænt svæði, menningarhús eða aðrar hugmyndir sem kynnu að koma upp í ferlinu.